

Borgarstjórn Reykjavíkur
27. febrúar 2024

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um innleiðingu nýrrar strætóleiðar fyrir úthverfi Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beita sér fyrir því að bætt verði við nýrri strætóleið fyrir íbúa Árbæjar, Norðlingaholts og Grafarholts samhliða vinnu við nýja Borgarlínu.

Greinargerð

Ungmennni í úthverfum Árbæjar og Holta eru orðin langþreytt á afskiptaleyssi Strætó og hversu fáar strætóleiðir eru í þeim ört stækkandi hverfum. Ungmennaráð Árbæjar og Holta gerði rannsókn þar sem ungmenni í 8.-10. bekk tóku þátt og sögðu yfir 90% að þau myndu nýta sér strætóleið sem gengi frá Mosfellsbæ til Mjóddar með stoppistöðvum í Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti og Breiðholti.